# FRÉTTABLAÐIÐ

93. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 21. APRÍL 2020




Þó að sundlaugar landsins séu lokaðar um þessar mundir er samt sem áður hægt að fá sér sundsprett. Þær Elín Signý, Elín Kristjáns og Ásta Karen sýndu það og sönnuðu þegar þær stukku út í sjóinn af kletti við Nauthólsvík í gær. Ætluðu þær upphaflega að skella sér á brimbretti en skortur á öldum varð til þess að þær ákváðu að hoppa í sjóinn í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Í símasambandi við þúsundir

**Skólastjórnendur hafa miklar áhyggjur af auknu brotthvarfi úr framhaldsskólum. Reyna að ná utan um nemendur og hringja í þá sem eru óvirkir í tímum. Björgunarstarf er stærsta verkefni vorannarinnar.**

**MENNTUN** Mikill fjöldi framhaldsskólanema hefur fengið símtöl frá kennurum og starfsfólki skólanna á undanförnum dögum og vikum vegna hættu á stórauknu brotthvarfi.

„Við höfum alltaf áhyggjur af brotthvarfi en núna höfum við áhyggjur af því jafnt hjá nemendum sem standa höllum fæti og hjá þeim sem almennt standa sterkar, því nemendur hafa aldrei upplifað svona aðstæður áður,“ segir Steinn Jóhannsson, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð.

Framhaldsskólanemar hafa ekki mætt í skólann síðan samkomubann var sett á 16. mars og hafa skólarnir brugðist við með því að færa kennsluna yfir á rafrænt form.

„Þetta er að valda kvíða og jafnvel þunglyndi,“ segir Steinn og vísar til einangrunar nemenda sem geta ekki hitt vini og skólafélaga og rætt um námið eins og þeir eru vanir. Margir skólar hafi brugðið á það ráð að hringja í þá nemendur sem hafa verið óvirkir í rafrænum tímum og ekki skilað verkefnum sem lögð hafa verið fyrir. Reynt sé að mæta þörfum nemenda með einstaklingsbundnum hætti til að sporna gegn brotthvarfi.

„Í okkar nemendahópi eru margir af erlendum uppruna og krakkar sem komu ekki með háar einkunnir úr grunnskóla,“ segir Magnús Ingvason, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla. Þessir hópar standi höllum fæti auk fjölda nemenda skólans sem hafi greiningar eins og lesblindu og ADHD. Magnús segir að af 900 nemendum í dagskóla sé starfsfólkið búið að hringja í rúmlega 600, suma oftar en einu sinni.

„Okkar aðalverkefni þessa önn verður að bjarga verðmætum,“ segir Magnús.

Staðan er svipuð í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti en Elvar Jónsson skólameistari telur að áður en yfir lýkur muni starfsfólk skólans hafa rætt í síma við flesta nemendur í dagnámi en þeir eru um þúsund. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Meira á frettabladid.is**

## Blýmengun í Kollafirði

**UMHVERFISMÁL** Íbúar á Kjalarnesi segjast munu leita til ráðamanna á Norðurlöndunum til að knýja yfirvöld til að bregðast við mikilli blýmengun frá skotæfingum á Álfsnesi.

„Blýmengunin er grafalvarleg og getum við ekki séð hvernig hægt verður að hreinsa í hið minnsta tugi tonna af blýi sem liggja í sjónum og fjörunni í Kollafirði,“ segir í bréfi sem 49 íbúar á svæðinu skrifa undir og krefjast þess að skotæfingavæði á Álfsnesi verði lögð af.

Rakið er að margir fuglar éti litla steina til að hjálpa við meltingu. Þeir ruglist á blýhöglum sem festist í meltingarveginum og dragi þá til dauða. Að sögn bréfritaranna hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur daufheyrst við athugasemdum þeirra. **– gar** / **sjá síðu 4**




## Veður




Suðaustan 8-15 m/s og rigning og súld með köflum, en heldur hægari vindur og lengst af bjartviðri norðan- og austanlands. Samfelldari rigning um vestanvert landið seinnipartinn, og lægir með kvöldinu. Hiti 5 til 13 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 12

# Ekki rætt um framsal ávísunar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Starfshópur sem ráðherra ferðamála skipaði um útfærslu ferðaávísunar er nú að störfum. Gefið hefur verið upp að hver ávísun verði upp á 5.000 krónur og heildarkostnaðurinn 1,5 milljarðar. Auk starfsfólks ráðuneytisins eru fulltrúar Stafræns Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) í hópnum.

> Frá okkar bæjardyrum séð á þetta aðeins við þjónustu veitta af ferðaþjónustufyrirtækjum en ekki stéttarfélögum



Jóhannes Þór Skúlason

Óvissa hefur ríkt um hvað verði hægt að nota ávísunina í, til dæmis varðandi orlofshús stéttarfélaga. „Hugsunin með ávísuninni er að hægt sé að nýta hana til ferðaþjónustu á landinu. Orlofshús stéttarfélaga lúta öðrum lögmálum,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF. „Þetta hefur ekki verið rætt í hópnum en frá okkar bæjardyrum séð á þetta aðeins við þjónustu veitta af ferðaþjónustufyrirtækjum en ekki stéttarfélögum.“

Hægt verður að nota ávísunina á hótel, sýningar og ferðir af ýmsum toga en Jóhannes segir aðspurður líklegt að einnig verði hægt að nota hana á öðrum stöðum. „Ýmislegt sem getur fallið undir þetta. Veitingastaðir eru til dæmis partur af ferðaþjónustunni.“

Hugmyndin er að íslenskir ríkisborgarar, 18 ára og eldri, fái ávísunina en ekki hefur verið rætt hvort hægt verði að framselja hana. **– khg**

# Skipti á þotuhreyfli og mótorhjóli



Hilmar Foss, sem á safn ýmissa muna í Garði, tók í gær við nýjasta gripnum, Rolls Royce RB-211 þotuhreyfli sem hann fékk í skiptum fyrir mótorhjól. Slíkir hreyflar voru fyrst notaðir á Lockheed Tristar breiðþotur. Ein slík flýgur enn og er hún notuð til þess að koma gervihnöttum á loft. Hreyfillinn fær sess utandyra enda 5,1 tonn. „Ef svona hreyfill væri tengdur við rafal gæti hann séð Reykjanesi fyrir rafmagni,“ segir Hilmar. MYND/HILMAR FOSS

## Tvö ný tilfelli

**COVID-19** Aðeins tvö ný tilfelli af COVID-19 greindust í gær, annað á veirufræðideild Landspítalans og hitt hjá Íslenskri erfðagreiningu. Er heildarfjöldi tilfella því 1.773.

**26**

**liggja á sjúkrahúsi vegna COVID-19.**

Á Landspítala eru 24 inniliggjandi, fjórir á gjörgæsludeild og eru þeir allir í öndunarvél. Tveir liggja á Sjúkrahúsinu á Akureyri og annar þeirra á gjörgæsludeild en ekki í öndunarvél. Einn lést á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík vegna COVID-19 sýkingar.

Á blaðamannafundi í gær sagði Alma D. Möller landlæknir að hún hefði mælst til þess við ráðherra að hægt verði að gera valkvæðar aðgerðir á ný á Landspítalanum þann 4. maí þegar losað verður um ýmsar hömlur. **– khg**

# Gæti gegnt mikilvægu hlutverki fyrir landið

**Á síðustu tveimur árum hefur höfnin í Þorlákshöfn farið úr því að vera lítil fiskihöfn í eina helstu inn- og útflutningshöfn landsins. Til stendur að fjárfesta fyrir 1,4 milljarða króna til að geta tekið á móti stórum farþegaskipum.**

**ÖLFUS** Í dag er boðið upp á siglingar frá Þorlákshöfn til erlendra hafna tvisvar í viku. Til Hirtshals í Danmörku með viðkomu í Færeyjum og til Rotterdam. Bæjaryfirvöld hafa unnið náið með Smyrilline við að þróa höfnina sem vöruflutningahöfn. „Við erum gríðarlega ánægð með samstarfið við það öfluga fyrirtæki,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.



Margt hefur breyst í Þorlákshöfn síðustu tvö árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stutt er síðan Þorlákshöfn glímdi við brotthvarf útgerða úr bæjarfélaginu. Viðsnúningurinn á starfsemi hafnarinnar hefur gert það að verkum að landanir fiskiskipa hafa tekið verulega við sér. „Siglingar héðan frá Þorlákshöfn eru umhverfisvænni og hagkvæmari og nálægðin við höfuðborgarsvæðið gerir okkur að ákjósanlegum valkosti. Viðbrögðin sýna að markaðurinn hefur beðið eftir þeim tækifærum sem felast í siglingum héðan,“ segir Elliði.

Að mati Elliða er vöxturinn undanfarið þó aðeins toppurinn á ísjakanum. Fyrir liggi áhugi ýmissa aðila á að taka upp vikulegar siglingar með ferðamenn og fragt til Bretlands og meginlands Evrópu.

Til þess að það geti gerst þarf að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir. Er meðal annars horft til allt að 300 metra lengingar á grjótgarði, dýpkunar, stálþiljunar og ýmislegs fleira.

Samkvæmt niðurstöðu minnisblaðs um verkefnið er reiknað með að heildarkostnaður við nauðsynlegar endurbætur á höfninni, til að 180 metra löng farþegaferja geti hafið áætlunarsiglingar, sé um 1,4 milljarðar króna. Þar af yrði hlutur ríkisins um 660 milljónir. Rannsóknarvinna er í fullum gangi og lýkur henni á næstu vikum. Er reiknað með verklokum í júní á næsta ári.

> Þjóðskáldið Einar Benediktsson sagði oft að Þorlákshöfn væri skráargatið að fjárhirslum Suðurlands.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss



Að sögn Elliða er hann ekki í nokkrum vafa um fýsileika verkefnisins. „Til marks um það sýndi óháð úttekt RR ráðgjafar á þessari framkvæmd að fáar, ef einhverjar, framkvæmdir á sviði samgangna eru arðbærari en þessi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdakostnaður skili sér til baka í opinberum gjöldum á fáum árum,“ segir Elliði.

Í áðurnefndu minnisblaði er lagt mat á tekjurnar sem þetta verkefni getur skilað. Þær eru lauslega metnar út frá fjölgun ferðamanna sem gætu orðið allt að 50 þúsund á ári. Stuðst er þó við varfærnislegt mat sem er um 30-40 þúsund farþegar á ári. Neyslukaup ferðamanna eru áætluð um 4 milljarðar króna á ári og að tekjur hafnarinnar vegna farþegaferju gætu orðið allt að 200 milljónir króna á ári.

„Þjóðskáldið Einar Benediktsson sagði oft að Þorlákshöfn væri skráargatið að fjárhirslum Suðurlands. Hann sá kannski ekki fyrir að með bættum samgöngum getur höfnin gegnt mikilvægu hlutverki fyrir allt landið. Við sjáum Þorlákshöfn fyrir okkur sem eina af lykilhöfnum þessa lands þegar kemur að siglingum á Evrópumarkað,“ segir Elliði. **bjornth@frettabladid.is**




Ég er
kominn
heim!
Sófi er ekki bara sófi
Hefurðu ekki lagst í sófa sem smell passaði fullkomlega?
Faðmaði þig og gaf þessa **„ég er kominn heim“** tilfinningu?
Hefurðu ekki horft á sófa sem sagði allan tímann við þig **„leggstu og slakaðu á“**?
Í Vogue fyrir heimilið er mikið úrval af sófum sem smell passa, gefa
þessa “**ég er kominn heim tilfinningu”** og elska að slaka á með þér.
Komdu og skoðaðu úrvalið af fallegu sófunum okkar.
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



**Þingvallaurriðinn freistar veiðimanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Þingvallavatn gaf lítið í gær

**STANGVEIÐI** Silungsveiðitímabilið fyrir landi Þjóðgarðsins á Þingvöllum hófst í gær en fáum sögum segir af aflabrögðum.

„Í dag var kalt og blautt og engar spurnir af veiðimönnum,“ sagði Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður í gærkvöldi. Vindáttin hafi verið óhagstæð, beint í fang veiðimanna.

„Það er einnig íshröngl hér og þar upp undir strönd. En það birtir upp og þá glæðist það,“ lofar þjóðgarðsvörðurinn. **– gar**

## Leggja til fleiri fjarfundi á fjarfundi

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að öll svið Reykjavíkurborgar innleiði tæknilausnir á borð við fjarfundi og fjarkennslu til frambúðar. Tillagan, sem lögð verður fram á fundi borgarstjórnar í dag, byggir á því að vel hafi tekist til við að innleiða tæknina á tímum COVID-19 faraldursins. Verður fundurinn í dag að hluta til haldinn í gegnum fjarfundabúnað þar sem einungis pláss er fyrir fjórtán borgarfulltrúa í salnum.



**Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík**

„Við leggjum til að borgin nýti tæknina í meiri mæli í starfsemi sinni og þjónustu. Innleiðing á snjalltækni verði flýtt á öllum sviðum Reykjavíkurborgar. COVID-19 faraldurinn hefur orðið til þess að mjög margir hafa notað fjarfundabúnað og stundað fjarnám,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. „Þessa reynslu er hægt að nýta í skólastarfi, velferðartækni og í stjórnsýslunni. Með þessu sparast bæði fjármunir og tími fólks. Það er allra hagur.“ **– ab**

# Ráðherrar segja ekkert að sinni um álit ESA

**STJÓRNSÝSLA** Ekki er að vænta efnislegra viðbragða frá sjávarútvegsráðherra og umhverfisráðherra vegna bráðabirgðaálits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að tiltekin ákvæði í löggjöf og reglugerð á Íslandi stangist á við Evróputilskipun um umhverfismat.

„Sérfræðingar beggja ráðuneyta fara nú yfir bráðabirgðaniðurstöðu ESA og ráðuneytin munu senda viðbrögð sín fyrir miðjan júní,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Guðmundur Ingi beitti í nóvember 2018 lagaákvæði og reglugerð sem heimilar að veita megi leyfi til bráðabirgða í þágu fiskeldisfyrirtækjanna Arctic Sea Farm og Fjarðalax. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra beitti sambærilegu lagaákvæði svo fyrirtækin tvö gætu haldið áfram starfsemi eftir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úrskurðaði leyfin ógild.



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Of snemmt er að segja til um hvernig brugðist verði við, en þegar endanleg niðurstaða ESA liggur fyrir munum við að sjálfsögðu fara gaumgæfilega yfir hana og huga að næstu skrefum,“ segir umhverfisráðherra sem kýs að svara ekki frekari spurningum um málið í bil.

Sjávarútvegsráðherra svaraði ekki skilaboðum vegna málsins í gær. **– gar**

# Yfirvöld sökuð um að hunsa mengun frá skotæfingasvæði

**Íbúar á Kjalarnesi segjast munu leita til ráðamanna á Norðurlöndunum til að knýja yfirvöld hér til að bregðast við mikilli blýmengun frá skotæfingum á Álfsnesi. Tugir tonna af blýi hafi borist í Kollafjörð. Ísland, eitt Norðurlandanna, banni ekki blý á skotæfingasvæðum. Skipulagsfulltrúi vill starfsemina annað.**

**UMHVERFISMÁL** „Blýmengunin er grafalvarleg og getum við ekki séð hvernig hægt verður að hreinsa í hið minnsta tugi tonna af blýi sem liggja í sjónum og fjörunni í Kollafirði,“ segir í bréfi sem ber undirskriftir 49 einstaklinga sem búa undir Esjunni gegnt Álfsnesi og krefjast þess að skotæfingavæði á Álfsnesi verði lögð af.

Félögin sem eru með æfingasvæði á Álfsnesi eru Skotfélag Reykjavíkur og Skotfélagið Reyn. Skotæfingarnar hófust sumarið 2005 og um langt árabil hafa íbúar þar nærri kvartað undan hávaða og annarri mengun frá svæðunum. Fyrir rúmum fimm árum keypti Reykjavíkurborg eignina Skriðu eftir áralangar kvartanir frá eigendunum þar. Íbúasamtök á Kjalarnesi hafa lengi látið málið til sín taka. Farið er ítarlega yfir stöðu málsins frá sjónarhóli íbúanna í bréfinu sem er 48 síður með ljósmyndum af vettvangi, aðstæðum á svæðinu og ýmsu öðru efni. Fullyrt er að skotmenn á Álfsnesi noti mjög mikið af blýhöglum.

„Ísland er eina landið á Norðurlöndunum sem bannar ekki blý á æfingar-skotvöllum og eitt af fáum löndum í Evrópu, sem ekki bannar notkun blýs á vatnafugla né í kringum votlendi, þvert á móti þá gefur Reykjavíkurborg tveimur skotfélögum land á Álfsnesi alveg við ströndina í Kollafirði (mikilvægt votlendi) þar sem allir haglabyssuvellirnir eru hannaðir þannig að þeir skjóta beint út í sjóinn, þar sem blýin liggja að lágmarki í tugum tonna við ströndina og í sjónum,“ segir í bréfi íbúanna.

Rakið er að margir fuglar éti litla steina til að hjálpa við meltingu. Þeir ruglist á blýhöglum sem festist í meltingarveginum og dragi þá til dauða. „Í hverju haglabyssuhylki er að finna 300 til 500 högl, aðeins nokkur þeirra lenda á skotmarkinu (leirdúfum) hin halda ferð sinni áfram og enda flest öll í sjónum en einnig við fjöruna í Kollafirði við þessa mikilvægu sjófuglabyggð,“ segja íbúarnir.



**Frá skotæfingu á Álfsnesi árið 2006. Slíkar skipulagðar æfingar hafa staðið þar frá því sumarið 2005.**

> **Ísland er eina landið á Norðurlöndunum sem bannar ekki blý á æfingar-skotvöllum.**
>
> Úr bréfi andstæðinga skotæfingasvæða á Álfsnesi

Að sögn bréfritaranna hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur daufheyrst við athugasemdum þeirra og ekki gert sér grein fyrir vandanum. Þar sem heilbrigðiseftirlitinu þyki kvartanir þeirra ekki svaraverðar muni þeir láta þýða samantekt sína á ensku og senda til hlutlausra aðila erlendis enda séu margar fuglategundirnar sem eru í hættu vegna blýeitrunar í Kollafirði farfuglar. Segjast þeir meðal annars munu senda skrif sín til umhverfisráðherra hinna Norðurlandanna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur lagði til í mars í að Skotfélag Reykjavíkur fengi framlenginguá sínu leyfi á Álfsnesi til eins árs á meðan nýtt starfsleyfi sé í vinnslu. „Tíminn sem vinnst með framlengingu yrði notaður til frekari rannsókna á mengun af völdum starfseminnar og niðurstöður nýttar við útgáfu nýs starfsleyfis,“ segir í bréfi heilbrigðiseftirlitsins.

Þó að borgin hafi nú samþykkt að framlengja leyfi Skotfélags Reykjavíkur í eitt ár virðist sem þar sé vilji til að starfsemin hverfi annað. „Æskilegt væri að hafin yrði vinna við að finna Skotveiðifélaginu nýjan stað fyrir æfingasvæði sitt í ljósi þeirra kvartana sem borist hafa frá íbúum í nágrenni svæðisins. Tilvalið væri að nota næsta ár í þá vinnu,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúa vegna málsins.

**gar@frettabladid.is**






Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Veftónleikar úr sænska sendiherrabústaðnum

**MENNING** Sænska sendiráðið býður til veftónleika í beinni útsendingu frá sendiherrabústaðnum við Fjölugötu klukkan 18.30 í kvöld. Þar koma tónlistarmennirnir Harold Burr og Karl Olgeirsson fram til að skemmta áhorfendum.

„Við köllum þetta póstkort fyllt af ást,“ segir Håkan Julholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi. „Við erum að reyna að finna nýjar leiðir til að tengja fólk saman og að lyfta því upp á þessum erfiðu tímum.“

Þetta er í annað skipti sem sendiráðið stendur fyrir slíkum tónleikum á tímum faraldursins en um 130 þúsund manns hafa horft á síðustu útsendinguna á Facebook. „Áhorfendurnir voru að stærstum hluta sænskir en það voru líka margir Íslendingar og fólk frá hinum Norðurlöndunum,“ segir Håkan.

> Við köllum þetta póstkort fyllt af ást.
>
> Håkan Julholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi



Tónleikarnir verða um 30 mínútur að lengd og segist Håkan viss um að þeir Harold og Karl muni leika af fingrum fram og færa áhorfendum nýjar útgáfur af sígildum lögum.

Hægt verður að fylgjast með tónleikunum á Facebook-síðu sænska sendiráðsins. – **atv**

# Heimsfaraldur setur mark sitt á afkomu

**VIÐSKIPTI** Mikill vöxtur er í pöntunum hjá Marel og er fjárhagur fyrirtækisins sterkur á fyrsta ársfjórðungi þrátt fyrir að COVID-19 heimsfaraldurinn setji mark sitt á afkomuna. „Mótteknar pantanir á fjórðungnum hafa aldrei verið hærri og nema 352 milljónum evra sem dreifðust vel á milli stærri verkefna, staðlaðra lausna og varahluta,“ segir Árni Oddur Þórðarson forstjóri.

Árni Oddur segir að eftirspurn eftir matvælum í stórmörkuðum og netverslunum hafi aukist. „Þegar svo skyndilegar breytingar eiga sér stað þurfa fjölmargir viðskiptavinir okkar að aðlaga sig hratt breyttu umhverfi, jafnt í framleiðslu og dreifingu, og fjárfesta í stöðluðum lausnum með skömmum afhendingartíma,“ segir hann.

„Starfsemi í framleiðslu í Kína er nú komin upp í 90 prósent afköst sem gefur góð fyrirheit um framhaldið, en of snemmt er að segja til um hvenær starfsemi verður með eðlilegum hætti í Þýskalandi og Brasilíu.“ – **ab**








Nágrönnunum Bergþóru og Ingibjörgu er umhugað um Saltfiskreitinn í gamla vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjölskyldur mótmæla byggingu á Saltfiskreit

**Rúmlega 270 Hafnfirðingar hafa skrifað undir lista til að mótmæla áformum um byggingu þriggja tvíbýlishúsa á Saltfiskreitnum svokallaða, í gamla vesturbænum. Svæðið sé vinsælt útivistar- og leiksvæði og eigi sér merka sögu.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Íbúar í vesturbæ Hafnarfjarðar eru óánægðir með tillögur um að byggja þrjú tvíbýlishús á Saltfiskreitnum svokallaða, milli Norðurbrautar og Skúlaskeiðs. Staðurinn eigi sér sögu og sé mikið notaður af börnum og öðrum íbúum á svæðinu, til leiks, útivistar og samkomna. Hafið er átak til að bjarga reitnum og helst friða hann. Hafa rúmlega 270 Hafnfirðingar skrifað nafn sitt á undirskriftalista þar sem tillögunni er mótmælt.

„Þetta hefur farið fram hjá fólki og þeir sem heyra af þessu fá svolítið sjokk,“ segir Bergþóra Aradóttir, íbúi á Skúlaskeiði, sem stendur að átakinu ásamt Ingibjörgu Ósk Sigurjónsdóttur nágranna sínum og fleirum. Vegna samkomubanns hafi ekki verið hægt að halda venjulegan kynningarfund og var þetta því kynnt á Facebook-fundi sem margir tóku ekki eftir.

> Þetta hefur farið fram hjá fólki og þeir sem heyra af þessu fá svolítið sjokk.
>
> Bergþóra Aradóttir

Á reitnum var saltfiskur breiddur út og þurrkaður áður fyrr. Þar hafa fundist fornminjar og stóðu þar meðal annars kindakofi, hjallur og skemma. Byggðasafn Hafnarfjarðar tók þátt í þriggja ára samevrópsku verkefni, árin 2012 til 2015, þar sem sögum af lífinu á þessum og öðrum saltfiskreitum bæjarins var safnað saman. Fyrir einhverjum áratugum var mold sett yfir reitinn og úr varð flatt tún sem nú er notað sem útivistarsvæði.

„Þarna er góð síðdegiskvöldsól, fólk kemur þangað með hundana sína og krakkarnir spila fótbolta. Við viljum alls ekki missa þetta græna svæði undir níu metra háar nýbyggingar,“ segir Bergþóra. Segja þær að fyrirhuguð hús yrðu þar að auki í litlu samræmi við önnur hús á Norðurbrautinni og sprengingarnar og raskið sem fylgdi uppbyggingunni gæti ógnað undirstöðum verkamannabústaðanna og gömlum timburhúsum í nágrenninu. Þá myndu húsin einnig hafa áhrif á útsýnið og sólina í görðum fólks.

Þegar þetta er ritað hafa 273 Hafnfirðingar skrifað undir mótmælin en þar að auki afhentu Bergþóra og Ingibjörg bæjarstjórn bréf á þriðjudag þar sem um 60 fjölskyldur á svæðinu mótmæla.

Telja þær að betri ráðstöfun væri að friða reitinn en einmitt nú er stefnt að því allur vesturbærinn verði skilgreindur sem verndarsvæði í byggð, samkvæmt lögum 87/2015. Felur þetta í sér kvaðir á húseigendur um hverju megi breyta og hverju ekki. Telja Bergþóra og Ingibjörg að íbúarnir ættu því að geta gert sambærilegar kröfur á bæinn, að breyta ekki svæðismyndinni. „Við þurfum að standa vörð um okkar sögu og okkar minjar,“ segir Ingibjörg.

Leggja þær frekar til að sett verði upp skilti til að segja frá sögu reitsins og jafnvel fótboltamörk eða leiktæki fyrir börnin. „Við erum vongóðar um að bærinn taki samtalið við okkur og við erum reiðubúnar að hjálpa til við að skipuleggja,“ segir Ingibjörg.

Samkvæmt Ólafi Inga Tómassyni, formanni skipulags-og byggingarráðs Hafnarfjarðar, liggur engin formleg tillaga að deiliskipulagi fyrir heldur sé málið í kynningu og verið sé að fá álit íbúanna. „Við höfum fengið athugasemdir frá íbúunum og það verður farið yfir þær umsagnir þegar deiliskipulagstillaga verður lögð fram. Það er ekki búið að ákveða neitt hvað þetta varðar,“ segir hann og að huga verði sérstaklega að því í ljósi þess að svæðið allt verði skilgreint sem verndarsvæði í byggð, það stærsta á landinu.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Innlagnir á bráðamóttöku ekki færri

**COVID-19** Komum á heilsugæsluna hér á landi hefur fækkað frá því að hér greindist fyrst tilfelli af COVID-19 sjúkdómnum og hefur starfsfólk heilsugæslunnar ásamt landlækni lýst yfir áhyggjum sínum vegna þessa. Í tilkynningu frá Krabbameinsfélaginu kemur fram að skýrar leiðbeiningar hafi verið gefnar út til almennings um að hika ekki við að leita til heilsugæslunnar líkt og áður vegna einkenna sem fólk kunni að hafa.

Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, segir að ekki megi til þess koma að aðrir sjúkdómar en COVID-19 sem mikilvægt er að greina snemma, líkt og krabbamein, greinist ekki eða greinist seinna vegna ráðstafanna vegna COVID-19. „Brýnt er að muna að heilbrigðisþjónusta er áfram í boði,“ segir hún.



**Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins.**

„Viðlíka áhyggjur eru uppi á hinum Norðurlöndunum og við viljum hvetja fólk til að vera vakandi fyrir einkennum sem geta bent til krabbameina, því fyrr sem krabbamein greinast, því betri eru möguleikar á að meðferð beri góðan árangur,“ segir Halla.

Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á bráðamóttöku Landspítala, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að þriðjungi færri komur en vanalega séu á bráðamóttökuna á dag eftir að COVID-19 tilfelli fóru að greinast hér á landi. Hann segir þó einnig að starfsfólk bráðamóttöku hafi ekki orðið vart við breytingu í komum þeirra sem eru meira veikir. Það segir hann endurspeglast í því að fjöldi innlagna á dag hafi haldist óbreyttur frá því áður en faraldurinn hófst. – **bdj**


N1 lætur strauminn rætast
Fáðu N1 stöð heim til þín
N1 býður hagkvæmar og öruggar lausnir sem eru hannaðar fyrir bílskúrinn eða bílastæðið þitt. Fáðu þér hleðslustöð með hámarksgetu miðað við rýmd og möguleika dreifikierfisins, uppsetta af löggiltum fagaðilum sem tryggja fullnustu gagnvart reglum Mannvirkjastofnunar.
Kynntu þér málið á n1.is og vertu í sambandi!
440 1000
n1.is
N1
ALLA LEIÐ
ENNEMM / SÍA / NM-000580

# Fjárfest til framtíðar



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Þau verða mörg viðfangsefnin sem bíða okkar sem samfélags þegar COVID-19 faraldurinn hefur loks runnið sitt skeið. Þótt óvissan sé enn mikil er ljóst að efnahagslegur samdráttur verður langvinnari en fyrstu spár bentu til. Það gæti tekið ferðaþjónustuna langan tíma að komast aftur í gang og alls óvíst að hve miklu leyti það tekst. Til skemmri tíma munum við sjá hér atvinnuleysi af áður óþekktri stærðargráðu en útlitið til lengri tíma er heldur ekki allt of bjart.

Ein leið til að takast á við þann vanda er að efla háskólastigið þannig að það geti tekið við auknum fjölda nemenda. Eftir hrun fjölgaði fólki í háskólanámi þótt því hafi ekki fylgt aukið fjármagn. Staðreyndin er sú að Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandanna þegar kemur að fjármögnun háskólastigsins. Ríkisstjórnin hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að ná frændþjóðum okkar árið 2025. Það mun kosta töluverða fjármuni og vonandi munu stjórnvöld styðja myndarlega við háskólana þrátt fyrir að fram undan sé gríðarlegt útflæði úr ríkissjóði.

Í þessu felast einnig tækifæri og BHM hefur meðal annars sett fram áhugaverða tillögu um sérstakar ívilnanir handa þeim sem fara í háskólanám í greinum þar sem mikil þörf er á nýliðun. Þá er mikilvægt að tryggja sem fyrst framgang frumvarps um Menntasjóð námsmanna. Þar er einmitt að finna heimild fyrir ívilnunum eins og BHM leggur til. Mestu máli skiptir hins vegar ákvæði um að hluta námslána verði breytt í styrk ljúki lánþegi námi innan tilskilins tíma.

Annað sem stjórnvöld ættu að gera tafarlaust er að auka framlög til rannsókna og þróunar. Þar hefur Ísland líka verið eftirbátur þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Það ástand sem heimurinn býr við þessa stundina hefur enn og aftur minnt okkur á mikilvægi vísinda og þekkingar. Hér eru margir afar færir vísindamenn sem sinna rannsóknum á fjölbreyttum sviðum. Það þarf að bæta umhverfi þeirra og auka verulega framlög til opinberu rannsóknasjóðanna. Þar er svo sannarlega fjárfest til framtíðar.

Það er nefnilega ekki nóg að fjölga þeim sem útskrifast úr háskólum landsins. Það þarf að skapa skilyrði til þess að menntunin og þekkingin nýtist sem best. Hér má ekki einblína um of á einhverjar tilteknar atvinnugreinar heldur þarf fjölbreytnin að fá að njóta sín. Reynsla okkar af of fábreyttu atvinnu- og efnahagslífi talar sínu máli.

> **Það er nefnilega ekki nóg að fjölga þeim sem útskrifast úr háskólum landsins. Það þarf að skapa skilyrði til þess að menntunin og þekkingin nýtist sem best.**

Halldór




## Frá degi til dags

**Bíða fram í maí**

**Sú hugmynd að færa þingfundi Alþingis yfir í Hörpuna á ekki upp á pallborðið hjá þingforseta. Telur hann að það þurfi langan undirbúningstíma til að koma fyrir allri þeirri tækni sem þarf til að gera allt löglegt. Mun það vera einhvers konar kryptónísk kristalstækni sem sveitarfélögin þurfa ekki að nota. Ef sóttvarnalæknir er til í að hleypa 63 manns inn í Eldborgarsalinn þá tekur væntanlega við nokkurra mánaða Capacent-ráðningarferli með tilheyrandi kærum til að ákveða hver tekur tímann á ræðum. Svo þarf að kenna öllum varaforsetunum á gongið sem þarf að nota í stað bjöllunnar. Svo þarf að skipa nefnd til að skutla þingmönnum á Klaustur. Er það líklega rétt metið hjá forsetanum að bíða bara fram í maí.**

**Svartacabana**

**Allra augu eru nú á ferðaþjónustunni og hvað hún getur boðið landsmönnum fyrir peningana sem við fáum frá frúnni í Hamborg. Hótelin og veitingastaðirnir hafa síðustu ár sérhæft sig í að taka á móti erlendum ferðamönnum á meðan við heimamenn djömmum og djúsum á Spáni. Má búast við tilboðum á borð við „Svartacabana strandferð“ við Eyrarbakka, tveggja vikna ferð til Þistilfjarðar sem verður í náinni framtíð þekktur sem „Litla-Mallorca“ og auðvitað „Dirty weekend í Vík“.**

arib@frettabladid.is

# Við eigum og ætlum að standa með fjölskyldum



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

COVID-19 faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á okkur öll og fram undan eru miklar áskoranir fyrir íslenskt samfélag. Heilu atvinnugreinarnar eru lamaðar og ljóst er að fjöldi fyrirtækja hefur orðið fyrir eða mun verða fyrir miklum og jafnvel óyfirstíganlegum vanda.

Um leið og faraldurinn ágerðist var brugðist við með markvissum aðgerðum. Ég lagði strax um miðjan mars fram frumvarp um hlutaatvinnuleysisbætur sem gerði atvinnurekendum kleift að minnka starfshlutfall niður í allt að 25% og Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi atvinnuleysisbætur á móti. Markmiðið með þessu var að viðhalda ráðningarsambandi fólks við vinnuveitendur sína og tryggja öfluga viðspyrnu þegar þessu tímabundna óveðri slotaði. Verkefnið fram undan er að taka ákvörðun um hvort og með hvaða hætti lögin um hlutaatvinnuleysisbætur verði framlengd. Ég held að öllum sé ljóst að það óvissuástand sem nú ríkir á vinnumarkaði muni vara lengur en við gerðum ráð fyrir í fyrstu og við getum gert ráð fyrir því að fjöldaatvinnuleysi muni dragast á langinn. Í öllum þeim skrefum sem við tökum er það fyrst og fremst skylda okkar að tryggja stöðu heimilanna og framfærslu fjölskyldna í landinu við þessar krefjandi aðstæður.

Nú er ríkisstjórnin að vinna að nýjum aðgerðapakka sem er ætlað að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem faraldurinn hefur á viðkvæma hópa í okkar samfélagi. Við ætlum að setja fókusinn á börnin og beina sjónum sérstaklega að því að styðja við foreldra í viðkvæmri stöðu, svo sem vegna umönnunar á langveiku eða fötluðu barni. Við munum einnig kynna fjölþættar aðgerðir sem miða að því að auka stuðning við viðkvæma hópa en munum einnig halda áfram markvissum aðgerðum gegn heimilisofbeldi, en reynslan sýnir að það eykst í því ástandi sem er nú.

Við verðum alltaf að hafa hugfast að fólkið og fjölskyldur landsins eru dýrmætasta eign samfélagsins og þess vegna ætlum við áfram að vinna að aðgerðum til að bæta stöðu viðkvæmra hópa næstu vikur og mánuði.

> **Við verðum alltaf að hafa það hugfast að fólkið og fjölskyldur landsins eru dýrmætasta eign samfélagsins.**

Hornsófi Chicago
2 horn 3, hægt að panta sem tungusófa, U sófa eða bara eins og hentar.



Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson kristjon@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Þolinmæðin þrautir vinnur allar



Áslaug Arna Sigurbjörnsd.
dómsmálaráðherra

Aðeins eru rétt rúmir þrír mánuðir liðnir frá því fyrstu fregnir bárust um nýja hópsýkingu lungnabólgu í Kína, sem síðar hefur verið gefið heitið COVID-19. Í frétt á heimasíðu landlæknis 13. janúar er vísað í upplýsingar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) og Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) um þennan nýja sjúkdóm. Þar segir að ekkert smit á milli manna hafi verið staðfest og ekki sé talin ástæða til ferðatakmarkana til og frá Kína. Tíu dögum síðar segir að smit á milli einstaklinga hafi verið staðfest en virðist ekki vera algengt. Þá var talið að mikil útbreiðsla innan Evrópu væri talin ólíkleg að mati ECDC og að veiran virtist ekki valda jafn skæðum sjúkdómi og SARS-veiran árið 2002.

Atburðarásin síðan hefur verið nokkuð hröð. Ríkislögreglustjóri og sóttvarnalæknir hófu formlega vinnu 24. janúar í samræmi við fyrirliggjandi viðbragðsáætlun um alvarlega smitsjúkdóma. Örfáum dögum síðar var lýst yfir óvissustigi og síðan hættustigi þegar fyrsta smitið hafði verið greint hér á landi 28. febrúar. Ríkislögreglustjóri lýsti loks yfir neyðarstigi almannavarna 6. mars í samráði við heilbrigðisyfirvöld. Fyrstu smit innanlands voru staðfest þann dag. Neyðarstigið er enn í gildi og verður á meðan einhverjar takmarkanir eru við lýði. Takmarkanir um samkomubann og tveggja metra nálægðarreglu gilda áfram þó að létt verði á þeim takmörkunum í skrefum frá og með 4. maí. Þá hefur Ísland tekið þátt í ferðatakmörkunum á ytri landamærum Schengen frá 20. mars. Viku áður hafði Bandaríkjastjórn sett á strangar ferðatakmarkanir frá Evrópu. Ferðatakmarkanir þessar verða í gildi til 15. maí.

Tvennt vekur athygli við framangreinda atburðarás. Annars vegar hve seint alþjóðlegar stofnanir virðast hafa áttað sig á alvarleika faraldursins, en þær fengu vitneskju um hann í lok desember. Hins vegar hve íslensk almanna- og sóttvarnayfirvöld voru fljót að grípa til aðgerða þegar upplýsingar fóru að berast í lok janúar um að smit bærist á milli manna.

Aðgerðirnar hafa haft mikil áhrif á líf okkar allra. Þær hafa nú borið þann árangur að COVID-19 er í rénun hér á landi. Alltaf er þó sú hætta fyrir hendi að faraldurinn blossi upp aftur ef ekki er varlega farið. Mikilvægt er að fylgja áfram tilmælum á grundvelli sóttvarna því enn eru smit að greinast hér á landi og verkefninu er ekki lokið. Þá mun ríkisstjórnin kynna nýjar efnahagsaðgerðir í þessari viku til að styðja áfram við bakið á heimilum og fyrirtækjum þar til ástandið færist í eðlilegra horf.

Mikilvægt er að taka næstu skref að yfirlögðu ráði. Tímabært er orðið að huga að öðrum mikilvægum hagsmunum. Ein helsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir lýtur að því hvernig best verður staðið að því að opna landamærin fyrir frjálsri för fólks á nýjan leik. Það verður naumast gert alveg á næstunni, líklega í nokkrum áföngum og í samstarfi við önnur ríki.

Þjóðin hefur sýnt samstöðu á þessum erfiðu tímum. Öllu skiptir að sú samstaða rofni ekki því þolinmæði þrautir vinnur allar.

# Ný íþróttastefna fyrir alla



Pawel Bartoszek
borgarfulltrúi Viðreisnar

Nú eru sannarlega óvenjulegir tíma í íþróttum um allan heim. Risamótum hefur frestað, margir Íslandsmeistaratitlar verða ekki veittir og skipulagðar æfingar liggja niðri. Vonandi mun góður árangur okkar í sóttvörnum hér á landi þó skila sér og við getum horft fram á ágætt íþróttasumar, eftir allt saman.

Við vitum þó að öll él birtir um síðir og því mikilvægt að horfa fram á við. Í dag er til umræðu í borgarstjórn ný íþróttastefna Reykjavíkur til ársins 2030. Stefnan er afrakstur ársvinnu Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Framtíðarsýn stefnunnar er að árið 2030 stundi 70% Reykvíkinga reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. Með stefnunni eru sett mælanleg markmið sem stuðla eigi framgangi hennar. Markmiðin eru:

Að 70% Reykvíkinga hreyfi sig rösklega í 30 mín þrisvar í viku, að 70% barna og unglinga stundi íþróttir og hreyfingu í skipulegu starfi, að meirihluti íslenskra þátttakenda á stórmótum komi frá reykvískum félögum og að 40% félaga í efstu deildum hópíþrótta verði reykvísk, að tímanýting íþróttahúsa á tímanum 8-22 á virkum dögum verði 70%, að 90% íþróttafélaga sem eru með barna- og unglingastarf verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Með stefnunni er sleginn sá tónn að íþróttir eigi að vera fyrir alla, að öll börn hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi. Í því samhengi þurfum við að rýna vel þá hópa sem ekki hafa hingað til nýtt sér skipulagt íþróttastarf í jafnmiklum mæli, má þar til dæmis nefna börn með annað móðurmál en íslensku og börn í ákveðnum hverfum borgarinnar. Stefnan kallast þannig á við mannréttindaáherslur borgarinnar. Með stefnunni er líka mælt með nýrri aðferð við forgangsröðun nýrra íþróttamannvirkja. Með aðferðinni verður val á framkvæmdum skýrara. Forgangsröðunin á einnig að leiða til þess að þau íþróttamannvirki sem Reykjavíkurborg fjárfestir í nýtist sem flestum, sem stærstan hluta ársins, stuðli að fjölbreytni en geti jafnframt borið sig fjárhagslega til lengri tíma. Að setja slíka forgangsröðun í skýrari farveg er nauðsynlegt enda eru aðstöðumálin ávallt mjög ofarlega í umræðunni innan íþróttahreyfingarinnar, hugmyndirnar margar en fjármagnið eins og venjulega, takmarkað.

Það er gaman er að sjá hve margir hafa nýtt tímann í samkomubanninu til að stunda hreyfingu með öllum tiltækum ráðum. Þegar fjölskyldan fór að kaupa hjól urðum við frá að hverfa því röðin í hjólabúðina náði út fyrir hornið. Það er því ljóst að áhuginn á að stunda hvers kyns hreyfingu er svo sannarlega til staðar, og það eina sem þarf að gera er að tryggja innviðina til að allir sem vilji það geti það.

# Heimsóknarbann og falskt öryggi



Birgir Guðjónsson
læknir

Það er ótrúlegt hvað veiran sem veldur Covid-19 flæðir yfir heiminn þrátt fyrir bönn yfirvalda og nær jafnvel inn í konungshallir, þjóðþing og fangelsi. Enginn er viðbúinn slíkum faraldri.

Viðbrögð þjóða hafa verið mismunandi og jafnvel síbreytileg samkvæmt „vísindalegri“ ráðgjöf. Áhugaverð voru gjörólík viðbrögð t.d. Svíþjóðar með Karólínska að bakhjarli sem upphaflega leyfði allt að 50 manns í hópi og vildi taka tillit til atvinnulífsins og hins vegar Danmerkur sem fór niður í tíu manna hóp. Í tveimur löndum a.m.k. mega ekki fleiri en tveir koma saman. Í flestum löndum er deilt um aðferðir. Geta þetta allt verið vísindi?

Ekki er þó vefengt að viturlegt sé að halda ákveðinni fjarlægð milli einstaklinga. Talað er um fjarlægð upp í allt að 4 metrum. Suður-Kórea sem hefur náð hvað bestum árangri í að hefta útbreiðslu lætur þó einn metra nægja.

Almannavarnanefndin íslenska sveipar sig vísindayfirbragði og telur sig ganga framar öðrum með prófum og rakningu snertitilfella. Tuttugu manna hópar voru upphaflega leyfðir í atvinnurekstri. Tuttugu og eins manns þörf varðaði sektum allt að hálfri milljón. „Mannslíf að veði.“

Það er virðingarvert að nefndin hefur viðurkennt veigamikla yfirsjón, þ.e. að banna ekki fyrr áhorfendur á kappleiki eins og þá hafði víða verið gert í Evrópu. Þetta hefði getað forðað því að annar hver Vestmannaeyingur væri í einangrun eða sóttkví.

Upphaflega var sett á 4 vikna samkomubann og 20 manna hópar leyfðir og tveggja metra fjarlægð. Svo er víðar og raunhæft. Þetta var vel kynnt með allt að tveggja sólarhringa fyrirvara til undirbúnings. Svo á að vera til 4. maí og þá leyfðir 50 manna hópar. Biðlað er til almennings að skilja og treysta yfirvöldum.

Einhver vanhugsaðasta aðgerðin verður að telja fyrirvaralaust harkalegt heimsóknarbann ættingja á hjúkrunarheimili 6. mars. Engar aðrar varúðarráðstafanir voru kynntar. Þar dvelja veikustu einstaklingar þjóðfélagsins. Enginn möguleiki var fyrir ættingja að kynna sjúklingum bannið, kveðja og undirbúa mögulegar samskiptaleiðir. Takmarkaðar heimsóknir hefðu verið sjálfsagðar.

Ég benti strax á veikleika þessa fyrirkomulags með bréfi til Embættis landlæknis 7. mars og aftur 10. mars og að smit gæti borist með öðrum og stakk upp á lausn. Þessu var fylgt eftir með blaðagrein 11. mars. Þetta var algjörlega virt að vettugi.

Tugir til hundrað veikburða einstaklingar vítt og breitt um landið sem jafnvel að hluta hafði verið sinnt af ættingjum voru settir í félagslega einangrun. Brosandi starfsfólk, faguryrði og iPadar sem virðast vera orðnir að helgitákni, gera ekkert fyrir jafnvel sjón- og heyrnarskerta einstaklinga með dvínandi minni sem gagnast ekki einu sinni sími. Þeir eru sviptir því eina sem skiptir þá máli, samskiptum við ættingja sem þeir enn þekkja.

„Minni háttar fórn“, „enginn skaði“, heyrist frá þríeykinu.

Meðal margra viðmælenda minna er tæplega níræður karlmaður sem kom daglega til að hitta heilasjúka málstola eiginkonu, lífsförunaut til um 70 ára. Annar eiginmaður hafði um langan tíma tekið virkan þátt í umönnun konu sinnar. Báðum var nánast sparkað burtu vegna „velferðarumhyggju“ þríeykisins. Vistmenn á hjúkrunarheimili úti á landi mega ekki fá póstinn sinn.

Forstjóri hjúkrunarheimilis rökstuddi þessar aðgerðir fjálglega og gaf í skyn að þær kæmu í veg fyrir smit inn á heimilin og tryggðu öryggi. Fyrsti smitberinn inn á hjúkrunarheimilið er síðan hans eigin starfsmaður.

Á Landakoti greindust margir starfsmenn með Covid-19 og margir sjúklingar sýktust. Á Vestfjörðum greindust nokkrir starfsmenn á hjúkrunarheimili með Covid-19 og komu upp alvarleg veikindi á hjúkrunarheimilinu og leiddu til mannsláts. Smit hefur komið að a.m.k. þremur öðrum stofnunum með heimsóknarbann.

Þessar smitanir komu ekki frá ættingjum.

Talsmenn stofnana hvetja til að ekki sé leitað að sökudólgi vegna þess að veiran smýgur um allt (og hlýðir ekki Víði)! Ég tek undir það. Það mátti vera augljóst að þetta gæti gerst.

Heimsóknarbannið hefur algerlega brugðist.

Engar upplýsingar liggja fyrir um tímasetningu á takmörkun heimsóknarbanns en það gæti orðið á þriðja mánuð.

Hver mun muna eftir hverjum?



## Merkisatburðir

**1908** Knattspyrnufélagið Víkingur er stofnað í Reykjavík.

**1965** Nafnskírteini eru gefin út til allra Íslendinga, 12 ára og eldri. Um leið eru tekin upp svonefnd nafnnúmer.

**1967** Herforingjastjórn, undir forystu Georgios Papadopoulos, fremur valdarán í Grikklandi.

**1971 Fyrstu handritin** koma heim frá Danmörku, Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða.



**1989** Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur safnast saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.

**1992** Ræningi kemst undan með 7,5 milljónir danskra króna eftir að hafa ráðist á peningaflutningabíl Danske Bank við Bilka í Árósum.

**2010** Íslenski handritavefurinn Handrit.is er opnaður.



**„Þegar ég kveð hópa þakka ég þeim oft fyrir að taka mig með í fríið,“ segir leiðsögumaðurinn Fanný.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verðum að vera bjartsýn

**Þó að Fanný Jónmundsdóttir leiðsögumaður geti ekki hitt afkomendur sína í dag, á 75 ára afmælinu, þá verður veisla því allir ætla að elda sama réttinn og sjást í tölvunni.**

Hún Fanný Jónmundsdóttir segist hamingjusöm að flestu leyti, þó auðvitað séu erfiðir tímar í heiminum vegna veirunnar. „Við verðum að vera bjartsýn,“ segir hún, þó að hún hafi misst vinnuna.

„Síðustu átta ár hef ég verið leiðsögumaður á Íslandi og fíla það í tætlur. Hef aðallega unnið hjá Iceland Travel og aðeins hjá Bus Travel sem eru tvö sterk og góð fyrirtæki. Þetta hefur verið dásamlegur tími. Ég fór í Leiðsöguskólann í Kópavogi, það var mjög skemmtilegt. Ég elska Ísland og náttúruna og ekki er verra að geta farið með fólki og sagt því frá landi og þjóð. Þegar ég kveð hópa þakka ég þeim oft fyrir að taka mig með í fríið. Ég hef haft bilað að gera en svo einn daginn er allt búið. Leiðsögumenn eru illa staddir þegar kemur að atvinnuleysisbótum, hvað þá þegar þeir eru orðnir sjötugir en ég ætla bara að vera jákvæð því ég veit að það kemur dagur eftir þennan dag. Ég var svo heppin að komast í tíu daga á Heilsustofnunina í Hveragerði rétt áður en henni var lokað vegna Covid. Það er yndislegt að vera þar. Ég datt af hestbaki fyrir tíu árum og var svo heppin að komast þá í Hveragerði. Þar fékk ég nýtt líf. Það er bara guðs blessun að hafa heilsu og geta unnið.“

**Ná ekki að smakka**

Fanný er svo auðug að eiga fjögur börn og tíu barnabörn. „Það er stór og dásamlegur hópur, mín stærsta gæfa í lífinu. Við ætlum að hittast á FaceTime í tölvunni í dag, á afmælinu. Nota tæknina. Dóttir mín býr á Tenerife og sonur minn í Danmörku, svo búa tvær dætur hér á landi og ég á fimm barnabörn erlendis og fimm hérlendis. Við ætlum að elda eins á öllum stöðunum og borða saman, þannig að það verður veisla þó við náum ekki að smakka hvert hjá öðru!“

> Ég er af þeirri kynslóð að ég ólst upp við saumaskap og held að tilfinningin fyrir fatnaði og tísku hafi verið innbyggð í mig.

Þetta kallast að hafa ráð undir hverju rifi – það er líka í anda afmælisbarnsins sem á fjölbreyttan feril að baki og hefur ekki látið neitt stoppa sig. Fanný var um tíma ein af toppfyrirsætum landsins og fór í framhaldinu að búa til fatnað sjálf. „Þegar ég var á kaupstefnum að sýna íslenskan klæðnað þá var oft verið að spyrja mig álits svo ég byrjaði að hanna föt. Það var ekki kallað hönnun þá en ég er af þeirri kynslóð að ég ólst upp við saumaskap og held að tilfinningin fyrir fatnaði og tísku hafi verið innbyggð í mig. Ég var með saumastofu heima og skipti líka við prjóna- og saumastofur eins og Sólídó, Belgjagerðina, Iðunni og Sóley, allt fyrirtæki sem nú eru hætt.“

**Opnaði með útitískusýningu**

Verslanir Fannýjar í miðborginni eru minnisstæðar þeim konum sem komnar eru til vits og ára. Sú fyrsta, Fanný, var opnuð með bravúr í Kirkjuhvoli með útitískusýningu í Lækjargötunni. „Svo setti ég upp aðra búð í Hafnarstræti sem hét Basar og seinna opnaði ég verslun á Laugavegnum. Svo breyttist allt þegar Kringlan kom, þá gekk minn rekstur ekki lengur og ég hætti eftir 17 ár, nánast upp á dag. Þá réði ég mig sem verslunarstjóra í Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, það var skemmtilegt tímabil. Þaðan fór til Stjórnunarfélags Íslands og var verkefnastjóri í mörg ár með námskeið sem nutu vinsælda,“ rifjar hún upp.

Varla er pláss fyrir frekari upptalningu, þó verður að minnast á spólurnar sem Fanný framleiddi: Slökun fyrir daginn og Slökun fyrir nóttina. Hún kveðst svo lánsöm að hafa átt þann boðskap í fórum sínum núna og langað að koma honum á streymisveitu. „Ég bara kann ekki tæknina við að streyma,“ segir hún. „En Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, tók spólurnar til að gera efnið aðgengilegt á síðu sambandsins og ég er stolt og glöð yfir að það skuli gerast á þessum tímamótum.“ gun@frettabladid.is

---



✝

Okkar ástkæri,

**Ingólfur Magnússon**

Víkurgili 19 á Akureyri,

lést þann 16. apríl á Öldrunarheimili Akureyrar, Hlíð. Í ljósi aðstæðna fer útförin fram í kyrrþey þann 8. maí. Starfsfólki Furuhlíðar eru færðar alúðarþakkir fyrir einstaka aðhlynningu í krefjandi aðstæðum.

**Jenný Karlsdóttir**
**Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir** — **Brynjar Bragason**
**Bjargey Ingólfsdóttir** — **Brynjar Hólm Bjarnason**
**Magnús Ingólfsson** — **Jóhanna Sveinsdóttir**
**Karl Ingólfsson**
**Dagbjört Ingólfsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir alla samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, og langömmu,

**Maríu Bæringsdóttur**

Skólastíg 14a, Stykkishólmi.

**Árþóra Ágústsdóttir** — **Þorsteinn Gunnarsson**
**Harpa Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

**Axel Kvaran**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að morgni páskadags 12. apríl.

**Jónína Ósk Kvaran**
**Ágúst Kvaran** — **Ólöf Þorsteinsdóttir**
**Brynjar Kvaran** — **Ingibjörg Fjölnisdóttir**
**Svavar Kvaran** — **Hildur Halla Jónsdóttir**
**Axel Kvaran** — **Sandra Baldvinsdóttir**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**María Helgadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum laugardaginn 18. apríl. Jarðarför mun fara fram í kyrrþey.

**Stefán Stefánsson** — **Sólveig Hjördís Jónsdóttir**
**Ragnheiður Stefánsdóttir**
**Anna Guðfinna Stefánsdóttir** — **Sigurður Sveinn Jónsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



✝

Elskulega móðir mín, tengdamóðir og amma;

**Birna Björnsdóttir**

lést á Landspítalanum þann 16. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Ingi Þór Ólafsson** — **Hildur Þórarinsdóttir**
**Elvar Örn Ingason**
**Þórarinn Ólafur Ingason**
**Anna Birna Ingadóttir**
**Hilmir Hugi Ingason**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 21. APRÍL 2020



Sigrún Hrönn Ólafsdóttir leggur áherslu á að rækta bæði líkama og sál, enda sé það nátengt og háð hvort öðru. Hún flutti nýverið til Siglufjarðar og tekur ástandinu sem nú ríkir með ró á meðan hún bíður eftir sínu fyrsta barni sem er væntanlegt í heiminn í september. MYND/VIKTORÍA ÓSP JÓHANNESDÓTTIR

# Fátt skiptir sköpum í stóra samhenginu

Sigrún Hrönn Ólafsdóttir, jógakennari og íþróttafræðingur, telur mikilvægt að skora stöðugt á sjálfan sig og læra þannig nýja hluti. Þá sé mikið frelsi fólgið í að sjá sjálfan sig sem örsmáan hluta af risastórri heild. →2


Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —




Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Sigrún, sem er 27 ára, er fædd og uppalin í Reykjavík en fluttist nýverið búferlum til Siglufjarðar. Hún á von á sínu fyrsta barni í haust og segir síðustu vikur hafa einkennst af rólegheitum. „Undanfarnar vikur hef ég lifað í algjöru rútínuleysi. Ég kenni stundum jógatíma á netinu fyrir Soul Ascension Healing Arts og næsta námskeið hefst um mánaðamót. Þess utan hef ég mikið verið í fríi og tekið því rólega heima. Ég sef og borða þegar ég þarf, les mikið, horfi á sjónvarpið og hugleiði stundum. Á hverjum degi reyni ég að fara í göngutúr eða í jógastúdíóið að hreyfa mig, en stundum tekur letin völd.“

## Áskoranir og lærdómur

Óhætt er að fullyrða að Sigrún sé margfróð en hún býr meðal annars að viðamikilli reynslu úr fimleikum. „Grunnurinn að allri minni þjálfun var lagður þegar ég var mjög ung og æfði fimleika í átta ár. Það felur í sér stranga alhliða þjálfun og sá styrkur, liðleiki, æfingatækni og keppnisskap sem ég öðlaðist þar hefur komið sér vel alla tíð síðan. Frá því ég hætti tólf ára gömul í fimleikum hef ég stundað mjög fjölbreytta líkamsrækt og meðal annars prófað dans í ótal formum, súlufimi, brasilískt jiu-jitsu, parkour, lyftingar og jóga. Ég hef alltaf viljað halda mér við, bæði hvað varðar líkamlegt form og færni en líka hvað varðar aðlögunarhæfni og viðbragð taugakerfisins. Það skiptir svo miklu máli að skora stöðugt á sjálfan sig að læra eitthvað nýtt, og líkamleg þjálfun er frábær leið til þess.“

Eitt af því sem Sigrún hefur bæði lagt stund á og kennt er súlufimi þar sem iðkendur leika listir sína á súlu en það krefst mikillar fimi og styrks. „Ég byrjaði í súlufimi árið 2009 þegar íþróttin var enn frekar ný hér á landi. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þróuninni, bæði á íþróttinni sjálfri og á ímynd hennar út á við.“

Í hugum margra er súlufimi erótísk en Sigrún segir nálgun iðkenda einstaklingsbundna. Þetta sé bæði listform sem fólk tjái sig í gegnum á ólíka vegu og íþrótt sem krefst mikillar fimi og styrks. „Margir tengja súlufimina eingöngu við strippstaði, enda notum við sambærilegar súlur og oft sömu hreyfingar. Þetta er svo eins og hvert annað listform; hver einstaklingur tjáir sig í gegn um hreyfingar sem henta viðkomandi og súludans er ótrúlega fjölbreyttur. Sumir dansa kynferðislega, aðrir segja ljóðræna sögu með hreyfingum og fyrir enn öðrum eru þetta beinlínis fimleikar. Íþróttin er ofboðslega krefjandi og frábær leið til að byggja upp mikinn styrk og liðleika,“ útskýrir Sigrún.

„Það er líka áhugavert að fólk æfir gjarnan í mjög léttum fatnaði, en það er vegna þess að ber húð nær betra gripi á súlunni. Þetta er frábært tækifæri til að finna dýpri sátt við eigin líkama, enda æfum við oftast í hópum þar sem allir eru í sömu stöðu og umburðarlyndið algjört. Það er orðið of langt síðan ég hef stundað súluæfingar reglulega, en ég hlakka til að byrja aftur við tækifæri.“

## Tækifærin eru alls staðar

Sigrún hefur stundað jóga um árabil en fyrir sex árum fór hún að kafa enn dýpra í fræðin. „Ég byrjaði fyrst að stunda jóga fyrir um þrettán árum síðan. Þá sá ég þetta fyrst og fremst sem líkamsrækt, en fannst stundum ýjað að því í tímum að það væri meira á bak við hreyfinguna. Með árunum varð ég forvitin um slökun, hugleiðslu og möntrusöng. Það var þó ekki fyrr en árið 2014, þegar ég fór frekar óvænt í fyrsta jógakennaranámið mitt, sem ég skildi loksins hvað hafði verið að kalla á mig. Þá kynntist ég ávinningi þess að gera jóga að lífsstíl, og eftir því sem ég þjálfaði mig meira varð ég næmari fyrir sjálfri mér og umhverfinu.“

Kynni Sigrúnar af jóga gerðu það að verkum að hún gekk í gegnum ákveðna hugarfarsbreytingu. „Ég fór að sjá venjur mínar og samskipti við umheiminn í nýju ljósi og kynntist fólki, dýrum og náttúrunni á nýjan hátt. Þessi aukna næmni og skilningur varð meðal annars til þess að ég breytti mataræðinu mínu mikið, til að sýna lífi annarra og mínu eign virðingu.“

Sigrún hefur verið óhrædd við að leita inn á við og í náttúruna í leit að aukinni meðvitund og þekkingu. „Út frá jógaiðkuninni hef ég svo kynnst ýmsu á sviði orkuheilunar og náttúrulækninga. Ég hef setið hugleiðsluathafnir, kynnst hugbreytandi og heilandi plöntum og fundið á eigin skinni þann mikla kraft sem býr í ásetningi og skýrri, opinni meðvitund. Það skiptir öllu að vanda sig og hvort sem það er jóga, listsköpun, te eða sveppir, fjallgöngur eða kraftlyftingar – tækifærin til að læra og þroskast eru alls staðar.“

## Allt eins og það á að vera

Fyrir forvitni sakir spyr blaðamaður hvort Sigrún trúi á æðri mátt af einhverju tagi. „Æðri máttur er áhugavert hugtak, enda er ég ekki sannfærð um að neitt í þessum alheimi sé í raun æðra en nokkuð annað. Hins vegar veit ég ekki um neitt dýrðlegra en þá staðreynd að við séum öll á lífi, og að heimurinn sé í stöðugri þróun alveg á eigin spýtur. Á bak við þetta allt liggur einhvers konar kraftur. Fyrir mér er þetta hinn sami kraftur og fólk hefur í gegn um aldirnar kallað ýmsum nöfnum og skrifað um það bækur og reglur hvernig best sé að lifa í sátt við þennan kraft. Mér finnst ekki skipta máli hvernig fólk velur að lofsyngja þessa dýrð sem er lífið sjálft, en ég vona að sem flestir hljóti af söngnum innblástur til að sýna umburðarlyndi og ást en ekki útilokun og ótta,“ segir Sigrún íhugul.

„Það er eitthvað frelsandi við það að sjá sjálfan sig sem örsmáan hluta af risastórri heild, og vita að í hinu allra stærsta samhengi er fátt sem skiptir sköpum. Á sama tíma verða stórar breytingar yfirleitt til vegna fjölmargra minni sem á undan komu, og því skiptir alltaf máli að vanda hvert skref sem tekið er. Ég trúi á örlög og karma og finn mikla huggun í þeirri staðfestu sem ég hef um að allt sé eins og það á að vera. Það þýðir samt ekkert að firra sig ábyrgð á eigin hegðun – að sjálfsögðu skiptir máli að gera sitt besta – en svo er gott að treysta því að hvaða ákvörðun sem tekin er muni skila heiminum á hárréttan stað.“

## Innri friður ekki sjálfgefinn

Sigrún nýtur þess að kanna nýjar slóðir, bæði í huganum og úti í heimi, en hún hefur bæði setið og leitt námskeið utan landsteinanna og segir þá reynslu afar dýrmæta. „Kosta Ríka er sá staður sem ég hef eytt mestum tíma á án þess að beinlínis búa þar. Á síðustu þremur árum hef ég farið fjórum sinnum þangað, í nokkrar vikur í senn. Í fyrsta og síðasta skiptið sótti ég námskeið um jóga og orkuheilun, en í hin tvö skiptin kenndi ég jógakennaranám. Það er alltaf heiður að fá að leiða jógatíma og fræðslustundir, og sérstaklega kraftmikið þegar nemendahópurinn er tilbúinn til að kafa djúpt.“

Jógaiðkun sé bæði margþætt og persónubundin. „Jógafræðin kenna svo margt áhugavert um sjálfið og heiminn, og til að kynnast raunverulegri þýðingu þessarar vitneskju þarf hver og einn iðkandi að taka ábyrgð á eigin ferli. Það er sjaldgæft að innri friður komi til upp úr þurru, og flestir þurfa til dæmis að þjálfa einbeitinguna lengi áður en hún verður að hugleiðslu. Það er svo í gegn um hugleiðsluástandið sem við getum öðlast innsýn inn í hvað það er sem raunverulega skiptir máli, og hvað fellur undir óþarfa áhyggjur hugans. Heilbrigður lífsstíll, öndunaræfingar og líkamleg þjálfun eru hluti af iðkuninni, en jógastöður voru upphaflega hannaðar með það eitt að leiðarljósi að auðvelda fólki að sitja í hugleiðslu.“

Það styttist í að Sigrún takist á við nýtt hlutverk í lífinu en hún á von á sínu fyrsta barni í september. „Ég geng núna með fyrsta barnið mitt og meðgangan hefur verið áhugaverð reynsla hingað til. Ég er að takast á við fleiri stór verkefni í lífinu samhliða því og það er stundum erfitt að greina hvaða viðbrögð ég hefði annars sýnt og hvenær hormónarnir ýkja upplifuna. Mér þykir góð regla að gera mér almennt ekki upp væntingar heldur leyfa hverri upplifun að koma á óvart, og í gegn um meðgönguna hef ég reglulega minnt mig á að þetta er í fyrsta sinn sem ég geri þetta og það var engin leið að vita út í hvað ég væri að fara.“



Sigrún segir jógakennaranámið hafa veitt sér dýpri innsýn í andlega þátt iðkunarinnar. MYND/VIKTORÍA ÖSP JÓHANNESD.

> Ég fór að sjá venjur mínar og samskipti við umheiminn í nýju ljósi og kynntist fólki, dýrum og náttúrunni á nýjan hátt.



Sigrún hefur iðkað og kennt jóga um árabil. MYND/VIKTORÍA ÖSP JÓHANNESDÓTTIR

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Sumardekk

ÞRIÐJUDAGUR 21. APRÍL 2020

Kynningar: Nesdekk, Sólning, Klettur



## Nesdekk opið allan sólarhringinn

Nesdekk er með áratuga-langa reynslu í dekkja-skiptum en fyrirtækið var stofnað árið 1996. Boðið er upp á hreina og sprittaða aðstöðu fyrir viðskiptavini og á Breiðhöfða 13 er opið allan sólarhringinn. ➜2

Það hefur verið mikið að gera hjá Nesdekk undanfarna daga við umfelgun. Hér er Róbert Andri, starfsmaður að Breiðhöfða 13, að skipta yfir á sumardekk hjá viðskiptavini. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það er framúrskarandi aðstaða fyrir stóra bíla hjá Nesdekk, Breiðhöfða 13, og þar geta bílar ekið í gegnum húsið. Þarna er einhver besta aðstaða á landinu til að taka á móti alls kyns stórum bifreiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**Nesdekk er nú á sex stöðum á landinu. Á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri.**



Starfsmenn vinna á vöktum og aldrei þarf að skapast ringulreið á verkstæðinu. Viðskiptavinir koma og fá sér kaffi og hressingu á meðan skipt er.



**Sérfræðingar eins og Daniel Terrazas, stöðvarstjóri atvinnubíla hjá Nesdekk á Breiðhöfða 13, taka á móti viðskiptavinum með bros á vör.**

**Framhald af forsíðu**

Ólafur Konráð Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekk, segir að miklar breytingar hafi verið gerðar á aðbúnaði með tilliti til Covid-19 en Nesdekk er á sex stöðum á landinu. Meðal þeirra er að starfsfólki er skipt niður á vaktir. „Á okkar stærsta verkstæði að Breiðhöfða 13 erum við til að mynda með opið allan sólarhringinn til að lágmarka fjölda á hverjum tíma á verkstæðinu. Þetta munum við gera út apríl nema á hefðbundnum frídögum og er það í fyrsta skipti á Íslandi,“ upplýsir hann.

## Frábær aðstaða

„Á Breiðhöfða er tekið á móti öllum stærðum bifreiða og þar er ein besta aðstaðan á landinu til að taka á móti stærri bílum. Við erum með gegnumkeyranlegt vörubílaverkstæði sem viðskiptavinir okkar hafa tekið fagnandi. Auk þess erum við þekkt fyrir að vera með hraða afgreiðslu. Á Breiðhöfða og á Fiskislóð 30 er hægt að bóka tíma á heimasíðunni nesdekk.is en á Grjóthálsi 10, Lyngási 8 í Garðabæ, Njarðarbraut 9 í Reykjanesbæ og Njarðarnesi 1 á Akureyri er hægt að koma án bókaðs tíma. Þannig getum við aðstoðað alla eftir því sem hentar þeim best,“ segir Ólafur enn fremur.

Hjá Nesdekk er mikið úrval frábærra vörumerkja í dekkjum og nefnir Ólafur framleiðendur eins og Pirelli, Toyo Tires, Maxxis, Interstate, Nordexx, Doublecoin, GT-radial, Laufenn, Nankang og Mastercraft. „Við erum með breitt úrval alls konar hjólbarða og auk þess bjóðum við upp á dekkjahótel á sex stöðvum okkar,“ segir hann.

Þegar Ólafur er spurður hvort Íslendingar séu fljótir að mæta á dekkjaverkstæðin þegar 15. apríl rennur upp, svarar hann: „Páskarnir voru seint þetta árið og síðan komu dekkjaskiptin beint ofan í þá. Undanfarnir dagar hafa því verið mjög annasamir og margir að skipta yfir á sumardekk.“



Mikið úrval hjólbarða frá þekktum framleiðendum eru í boði hjá Nesdekk. Hér stendur Ólafur Konráð Benediktsson við öflugan lager fyrirtækisins.

## Fullkomin verkstæði

Ólafur bendir á að Nesdekk sé með algjöra sérstöðu þegar kemur að allri hjólbarðaþjónustu. „Fyrir utan verkstæðið okkar á Breiðhöfða sem er afar vel búið og býður upp á að ekið sé í gegnum það, þá erum við jafnframt með frábæra biðaðstöðu þar sem allir fá kaffi og hressingu sem koma í heimsókn. Einnig eru bílalyfturnar okkar undir yfirborðinu, þannig að viðskiptavinir okkar þurfa ekki keyra upp á lyftur til að komast í umfelgun. Þá erum við með nokkrar snertilausar umfelgunarvélar sem eru ekki á öllum dekkjaverkstæðum. Þessar vélar fara mun betur með dekkin og felgurnar þegar við erum að skipta eða setja ný dekk. Þá má til gamans geta þess að á fólksbílaverkstæðinu okkar að Breiðhöfða 13 er elsta umfelgunarvélin framleidd á árinu 2018 þannig að við erum einungis að vinna með nýjustu tæki og tól sem gera öll vinnubrögð betri. Viðskiptavinir okkar gera miklar kröfur um góðan aðbúnað og við leggjum áherslu á að koma til móts við þær óskir.

> **Á okkar stærsta verkstæði að Breiðhöfða 13 erum við með opið allan sólarhringinn til að lágmarka fjölda á hverjum tíma á verkstæðinu.**

Starfsmenn hafa góða þekkingu og geta aðstoðað við val á nýjum sumardekkjum,“ segir Ólafur og bætir við að starfsmenn ráðleggi fólki að tala við sérfræðinga hjá Nesdekk um það hvaða hjólbarðar henti best því það fari að mjög miklu leyti eftir aðstæðum og akstурslagi hvers og eins. „Þó leggjum við alltaf áherslu á að ökumenn noti vetrardekk einungis að vetrarlagi og sumardekk að sumarlagi því að óöryggi getur skapast ef röng tegund af hjólbörðum er notuð,“ segir hann.

Ólafur segir jafnframt mikilvægt að huga að öryggi hjólbarða varðandi akstursseiginlega bílsins. „Það er magnað að hugsa til þess að snertiflötur bíls við veginn sé aðeins á stærð við lófann á manni. Það beinir á sama tíma athyglinni að því hversu miklu máli skiptir að dekkin séu í lagi og að þau henti þeim aðstæðum sem ekið er í.“

Nánari upplýsingar og tímapantanir eru á heimasíðunni nesdekk.is eða í síma 561 4200. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið nesdekk@nesdekk.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# Alla leið á öruggari dekkjum




**Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is**

MICHELIN Quality Dealer 2020

## Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við flest allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkin á markaðnum



## Michelin Primacy 4

- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir akstursseiginleikar



## Michelin Pilot Sport 4

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega akstursseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkin á markaðnum í sínum flokki

Notaðu N1 kortið

## Hjólbarðaþjónusta N1

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 |

N1 ALLA LEIÐ



**Klemenz Geir Klemenzson og Svanbjörg Ólafsdóttir eru miklir hálendisgarpar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ferðast af öryggi uppi á hálendinu

Hjónin Klemenz Geir Klemenzson og Svanbjörg Ólafsdóttir hjá This is Iceland, eiga mörg góð ráð í pokahorninu fyrir þá sem ætla að ferðast um landið í sumar og langar upp á hálendið.


Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is




Klemenz hefur verið í ferðaþjónustugeiranum í yfir þrjátíu ár. „Fyrst keyrði ég rútur á sumrin, en upp úr 2012 var þetta orðið að fullu starfi hjá mér. Upp á síðkastið hef ég boðið upp á akstur og leiðsögn sem og að ferja farangur fyrir göngugarpa, eða trússa eins og það nefnist í bransanum. This is Iceland er lítið fjölskyldufyrirtæki í eigu okkar hjónanna. Við erum vel tækjum búin og ráðum til okkar verktaka í leiðsagnir og akstur þegar mikið er að gera,“ segir Klemenz, eða Klemmi eins og hann er gjarnan nefndur.

## Upp á hálendi á óbreyttum Toyota Rav4

Upp á síðkastið hefur lítið verið að gera hjá ferðaþjónustufyrirtækjunum. Samkomubann vegna COVID-19 kemur í veg fyrir túra með fjölda ferðamanna og hafa þau Klemenz og Svanbjörg fundið fyrir því. „Okkur datt í hug að herja á innanlandsmarkaðinn í sumar. Undanfarin ár hefur áherslan aðallega verið á erlenda ferðamenn, en staðreyndin er sú að Íslendingar eru alveg jafn, ef ekki enn áhugasamari, um ferðalög á Íslandi. Þó þarf að koma til móts við heimamenn.

Sama gerð af ferðaþjónustu hentar líklega ekki fyrir heimamenn og erlenda ferðamenn. Við ætlum því að bjóða upp á sérstakar leiðsagnarferðir um hálendið í sumar þar sem fólk nýtir eigin bifreiðar. Við förum fyrst og gestirnir elta á eigin bílum. Svo stoppum við og segjum fólki frá stöðunum.



**Myndin er tekin á Syðri-Fjallabaksleið.** MYND/KLEMENZ GEIR KLEMENZSON

> Margir hafa komið tuttugu sinnum til Mallorca en hafa kannski aldrei séð Þingvelli. Þetta er sorgleg staðreynd, en það er vel hægt að bæta úr þessu, til dæmis með áðurnefndum leiðsagnarferðum.

Þá erum við ötulir talsmenn náttúruverndar og virðingar við náttúruna og ætlum að deila þeim áhuga til viðskiptavina okkar. Við viljum fá fólk til að meta sitt eigið land að verðleikum. Margir eiga fjórhjóladrifna jeppa en nota þá í lítið annað en akstur innanbæjar eða um hringveginn. Það er krefjandi að taka fyrstu hjólförin inn á F-vegina, það er upp á hálendið, en með réttri leiðsögn er ýmislegt hægt að komast, jafnvel fyrir minni, óbreytta eða lítið breytta jeppa eins og Toyota Rav4. Þá væri jafnvel skemmtilegt að hafa ljósmyndara með sem tæki myndir af gestum uppi á hálendi.

Við munum bjóða upp á bæði dagsferðir og svo lengri ferðir með næturgistingu. Ferðirnar yrðu sniðnar að gestunum og þeim bílum sem þeir hafa til umráða. Það er æskilegt að fólk hugi að dekkjunum fyrir ferðalög í sumar. Fínmynstruð dekk ganga engan veginn á grófum vegarslóðum. Mynstrið þarf að vera í grófari kantinum til að tryggja öryggi.“

Hálendi Íslands er svæði sem of fáir Íslendingar hafa komið á. „Ég man að á mótmælunum gegn Kárahnjúkavirkjuninni voru mótmælendur langflestir í eldri kantinum. Unga fólkið mætti ekki nema að litlum hluta. Margir hafa komið tuttugu sinnum til Mallorca en hafa kannski aldrei séð Þingvelli. Þetta er sorgleg staðreynd, en það er vel hægt að bæta úr þessu, til dæmis með áðurnefndum leiðsagnarferðum.“

## Klemmi mælir með

Fyrir þá sem langar að prufa sig áfram þegar vorleysingum lýkur, bendir Klemenz á ágætis vegslóða á Reykjanesskaga, ekki langt frá Kleifarvatni. „Þá keyrir maður hjá Vigdísarvöllum og Djúpavatni, sem er stöðuvatn sunnan Tröllادyngju og Soga. Vegurinn er hinn fínasti og engar torfærur ef farið er að með gát. Þetta er ákaflega falleg leið og eiginlega alveg í túnfætinum hjá okkur sem búum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hún er tilvalin til þess að prufa sig áfram.“




MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson
Fáanlegt í 3 stærðum:
265/70R17 verð kr. 33.400
285/70R17 verð kr. 46.490
275/65R18 verð kr. 39.800

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is




# TÖKUM NAGLADEKKIN ÚR UMFERÐ

Reykjavíkurborg

Sjá nánar: www.reykjavik.is/thjonusta/tokum-nagladekkin-ur-umferd

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Geoffrey Huntington-Williams og Örn Tönsberg ásamt bílaflota Priksins sem býður nú upp á safaríkan veganmat víðs vegar um borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjórhjóladrifnar kræsingar

**Á sama tíma og umferð hefur farið minnkandi hafa heimsendingar af öllu tagi færst í aukana. Það hefur því sjaldan verið jafn tilvalið að kynna sér þjónustu matvagna.**

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Örn Tönsberg situr ekki auðum höndum þó að mörg okkar séu hreinlega neydd til þess í ástandinu sem nú ríkir. Örn hefur í seinni tíð verið þekktastur fyrir að vera tónlistar- og myndlistarmaður en undanfarna mánuði hefur hann sýnt listir sínar í eldhúsi Priksins og það við gerð á veganmat sem sannarlega hefur slegið í gegn.

„Seint á síðasta ári nálgaðist Geoffrey, eigandi Priksins, mig upp á að gera vegan pop-up eldhús á Prikinu. Að sjálfsögðu tók ég vel í þá snilldarhugmynd og út frá því fæddist B12. Þar gerðum við sveittan en grænan matseðil í samstarfi við Atla Snæ hjá Kore. Upphaflega stóð bara til að hafa þetta í Veganúar en vegna góðra undirtekta var ákveðið að halda áfram með verkefnið,“ skýrir Örn frá.

*Hvernig kom það til að þið ákváðuð að taka þátt í þessu verkefni?*

„Í ljósi samkomubannsins blasti nýr tími við í rekstri. Meiri áhersla var lögð á heimsendingar og því virkjuðum við rafmagnshjólin til að snattast um nærhverfin með mat. Hægt er að sjá matseðilinn á Facebook-síðu Priksins og panta svo í gamla landlínusímann 551 2866.

> **Það er flóra af matvögnum sem fara saman í mismunandi hverfi frá fimmtudegi til sunnudags og mynda þar litla mathöll á bílastæðum sem eru illa nýtt í samkomubanninu.**

Síðan nálgaðist Róbert Aron hjá RVK Street Food okkur um að taka þátt í ævintýrinu Götubiti á hjólum og við slógum til þar sem Matvagn Priksins var klár í slaginn.“

*Hvað felst í þessu verkefni?*

„Það er flóra af matvögnum sem fara saman í mismunandi hverfi frá fimmtudegi til sunnudags og mynda þar litla mathöll á bílastæðum sem eru illa nýtt í samkomubanninu.“

*Hver er munurinn á hefðbundnum veitingastað og „veitingastað á hjólum“?*

„Þú þarft ekki að fara inn að panta, auðvelt er að tryggja tvo metra frá viðskiptavinum og enginn undir sama þaki, þú getur líka beðið í bílnum á meðan maturinn er gerður klár og fengið sent beint í hann. Það eru líka fáir veitingastaðir sem koma með þessum hætti í hverfið þitt.“

*Hvernig hafa viðtökurnar verið?*

„Vonum framar, viðtökurnar eru mjög góðar og fólk mjög sátt við svona skemmtilegt framtak á þessum tímum.“

*Hverjir eru helstu viðskiptavinirnir?*

„Það er öll flóran, aðallega fólk sem kann að meta alvöru sveittan skyndibita sem er 100% vegan.“

*Hvað er næst á dagskrá?*

„Að kynna nýjan matseðil á næstunni og halda áfram að trukka.“

**BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**

Mest lesna bílablað landsins kemur út þriðjudaginn **5. maí** næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Njáll Gunnlaugsson.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**

Atli Bergmann, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5657 / atli@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Engar tímapantanir hjá Sólningu

**Sólning veitir fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu með fullkomnum tækjabúnaði og dekkjum. Hægt er að komast að samdægurs og alls staðar er farið eftir fyrirmælum sóttvarnalæknis.**

Vönduð vinnubrögð eru aðalsmerki Sólningar.

„Hjá okkur starfa gríðarlega reynslumiklir menn sem flestir hafa unnið í bransanum í áraraðir. Síðustu daga hefur verið heilmikið að gera vegna dekkjaskipta landans og höfum við tvöfaldað starfsmannafjölda okkar vegna þessara tarnar,“ segir Aron Elfar Jónsson, framkvæmdastjóri Sólningar/Dekkjasmiðjunnar.

Í Sólningu fæst úrval dekkja á hagstæðu verði.

„Við eigum fjöldann allan af dekkjum undir allar tegundir bíla, í góðum gæðum og á mjög flottu verði,“ upplýsir Aron. „Við bjóðum meðal annars upp á Hankook-dekk sem hafa verið í gríðarlegri þróun og keppa nú við flottustu merkin þrátt fyrir að vera áberandi ódýrari. Einnig eigum við Nexen-dekk sem upprunalega voru hönnuð undir Porsche-bifreiðar, það eru gríðarlega flott dekk sem eru einnig á góðu verði. Nýlega tókum við í sölu amerísk dekk frá Goodyear sem er það allra flottasta á markaðnum í dag og einnig bjóðum við upp á gott úrval af ódýrari kostum í dekkjum.“



Nú þegar tími sumardekkja er runninn upp njóta margir þess að komast samdægurs í dekkjaskipti hjá Sólningu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Aron Elfar er framkvæmdastjóri Sólningar/Dekkjasmiðjunnar.

## Skipt um dekk samdægurs

Hjá Sólningu á Smiðjuvegi er hægt að komast að samdægurs.

„Við leggjum upp með að hægt sé að sleppa við tímapantanir þar sem flestir okkar kúnnar vilja komast að samdægurs. Á Smiðjuveginum erum við með númerakerfi sem við vörpum inn á heimasíðuna okkar, solning.is, og þá þarf bara að koma til að sækja sér númer í röðina og hægt er að skjótast frá á meðan beðið er eða einfaldlega fylgjast með stöðunni á númerinu í símanum,“ útskýrir Aron.

Á hinum stöðum Sólningar eru klassískar biðraðir.

„Við pössum vel að fylgja öllum fyrirmælum sóttvarnalæknis á öllum okkar verkstæðum, höfum sett upp gler fyrir framan starfsmenn í afgreiðslum og erum að sjálfsögðu með spritt við posa og aðra snertifleti,“ segir Aron.

## Fullkomin hjólastilling

Dekkjahótel er hluti af þjónustu Sólningar.

„Þar bjóðum við fólki að geyma dekkin sín á milli dekkjaskipta,“ segir Aron.

„Við höfum einnig til taks fullkomna hjólastillingarbekki á verkstæðum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Rétt hjólastilling skiptir sköpum til að auðvelda ökumönnum stjórn á ökutækinu og hámarka jafnvægi bílsins við hemlun. Hún eykur líka líftíma hjólbarðanna, dregur úr eldsneytiseyðslu og gerir reksturinn þægilegri. Hjólastilling borgar sig upp á afar skömmum tíma í dekkjasliti og eldsneytiseyðslu bílsins.“

> **Við eigum til fjöldann allan af viðurkenndum dekkjum í góðum gæðum og á mjög flottu verði.**

Hjá Sólningu er einnig boðið upp á smáviðgerðir á bílum á milli dekkjatarna.

„Þar lögum við allt í hjólabúnaði bílsins og tökum einnig að okkur hefðbundna smurþjónustu,“ upplýsir Aron.

„Við erum hér til að aðstoða með allt sem tengist bílnum og hvetjum fólk til að hafa samband við okkur í síma, tölvupósti eða á samfélagsmiðlum.“

Sólning er á Smiðjuvegi 34 í Kópavogi, Skútuvogi 2 í Reykjavík, Hjallahrauni 4 í Hafnarfirði, Fitjabraut í Njarðvík. Sími 544 5000. Netfang: solning@solning.is. Sjá nánar á solning.is.


RÚLLUM SAMAN MEÐ HÆKKANDI SÓL

Engar tímapantanir bara mæta



SÓLNING

Reykjavík • Njarðvík • Hafnarfjörður • Kópavogur

# Sumarið kemur með sumardekkjum

Hjá Kletti er hægt að fá hjólbarðaþjónustu fyrir allar stærðir og gerðir bíla. Fyrirtækið býr að mikilli reynslu og þekkingu og býður upp á fullkomið bókunarkerfi, dekkjahótel og hljóðlát dekk.

Klettur er leiðandi í sölu og þjónustu á breiðri línu vinnuvéla og ýmissa annarra véla, ásamt því að sinna hjólbarðaþjónustu fyrir allar gerðir fólks- og flutningabíla. Fyrirtækið byggir á gömlum og traustum grunni, en félagið hefur verið umboðs-, sölu- og þjónustuaðili fyrir Goodyear hjólbarða frá árinu 1952. Fyrir vikið býr Klettur að ótrúlega langri reynslu og þekkingu á svona rekstri.

„Nýlega vorum við að bæta dekkjum frá tveimur frábærum framleiðendum við úrvalið okkar, en það eru dekk frá Hankook og Nexen," segir Andri Ellertsson, rekstrarstjóri hjólbarða hjá Kletti. „Bæði Hankook og Nexen eru gæða dekk á góðu verði og ættu því að henta fyrir marga."



Andri Ellertsson, rekstrarstjóri hjólbarða hjá Kletti, segir að það séu margir kostir við að skipta um dekk tvisvar á ári og nota bæði vetrar- og sumardekk í stað þess að nota eingöngu heilsársdekk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Kostir þess að skipta

„Allir sem vita eitthvað um dekk vilja meina að þú verðir að skipta á milli sumar- og vetrardekkja og að það sé ekkert til sem heitir heilsársdekk, heldur sé það oftast bara óneglt eða óneglanlegt vetrardekk," segir Andri. „Þó að þú getir keyrt á heilsársdekki yfir sumarið fer það verr með hjólbarðann að keyra á honum á heitu malbiki. Þannig að fólk heldur að það sé að spara á því að vera á heilsársdekkjum, en raunin er sú að það þarf að kaupa ný dekk fyrr en ef það myndi skipta.

Við gerðum líka könnun til að bera saman bremsuvegalengdina á heilsársdekki og sumardekki í rigningu og það munaði mörgum metrum, þannig að þetta er klárlega öryggisatriði," segir Andri.

Svo er það líka alltaf góð upplifun að fara af nöglum yfir á sumardekk, það verður allt svo miklu mýkra og snarpara fyrir vikið," segir Andri. „Maður finnur að sumarið er komið þegar maður er kominn á sumardekkin."

> Allir sem vita eitthvað um dekk vilja meina að þú verðir að skipta á milli sumar- og vetrardekkja.

### Hljóðlátustu dekkin

„Við erum stolt af því að bjóða upp á dekk frá Goodyear, en framleiðandinn er að reyna að fullkomna hljóðlát dekk, því nú þegar margir eru komnir á hljóðláta rafmagnsbíla vill þetta fólk ekki vera á dekkjum sem gefa frá sér læti," segir Andri. „Við bjóðum upp á frábær, hljóðlát dekk sem við teljum vera þau bestu á markaðnum.

Goodyear kom með nýtt dekk í sumar sem heitir Efficientgrip 2, en það er mjög hljóðlátt og endist 20% lengur en dekk í svipuðum verðflokki," segir Andri. „Ég mæli eindregið með að fólk skoði þetta dekk fyrir bílana sína."

### Bókunarkerfi og ódýrt dekkjahótel

„Við erum komin með fullkomið bókunarkerfi á vefnum okkar, klettur.is," segir Andri. „Það kemur upp um leið og maður fer inn á vefinn og þar er hægt að panta tíma á öllum verkstæðum okkar, en þau eru í Klettagörðum, Hátúni 2 og Suðurhrauni í Garðabæ.

Við bjóðum líka upp á dekkjahótel, sem þýðir að við geymum árstíðabundin dekk fyrir fólk á meðan það notar hinn umganginn," útskýrir Andri. „Það getur verið mikill kostur að geta til dæmis geymt vetrardekkin einhvers staðar annars staðar yfir sumartímann svo þau séu ekki að taka pláss í bílskúrnum, því þetta er plássfrekt. Það kostar líka ekki nema frá 7.900 krónum að geyma dekk yfir veturinn."

KLETTUR
SKELLTU ÞÉR Á SUMARDEKKIN
Bókaðu dekkjaskipti á klettur.is
GOODYEAR
KLETTAGARÐAR 8-10, 104 REYKJAVÍK
SUÐURHRAUN 2B, GARÐABÆ
HÁTÚN 2A, 105 REYKJAVÍK

## Bílar & Farartæki

### Bátar


MARÁS
TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR




Léttir | Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir | Sparneytnir
Hljóðlátir | 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is







### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**FRÆSUN FYRIR GÓLFHITA OG FL.**
Fræsun- rör- flotun

Tímavinna eða tilboð.

**Upplýsingar á steinbrot@steinbrot.is eða í síma: 777-2242**

### Þjónusta


**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000
